

**45. fundur umhverfis- og framkvæmdanefndar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 11. apríl 2017 og
hófst hann kl. 08:00.**

Fundinn sátu:

Nanný Arna Guðmundsdóttir formaður, Jóna Símónía Bjarnadóttir varamaður,
Jónas Þór Birgisson varamaður, Gísli Elís Úlfarsson aðalmaður og Hildur Dagbjört
Arnardóttir aðalmaður.

Embættismenn:

Ralf Trylla, umhverfisfulltrúi og Brynjar Þór Jónasson, sviðsstjóri umhverfis- og
eignasviðs.

Fundargerð ritaði: Ralf Trylla, umhverfisfulltrúi.

Dagskrá:

1. Útíofnar, kamínur, kurlofnar og kolagrill - 2017030098

Lagt fram upplýsingablað frá Umhverfisstofnun, ódagsett, um útíofna, kamínu,
kurlofna og kolagrill.

*Umhverfis- og framkvæmdanefnd felur umhverfisfulltrúa að kynna almenningi
æskilega meðferð á kamínum og útíofnum.*

2. Umhverfisstefna 2017 - 2017030051

Umhverfisfulltrúi kynnir drög að umhverfisstefnu fyrir Ísafjarðarbæ.

*Umhverfis- og framkvæmdanefnd vísar Umhverfisstefnu Ísafjarðarbæjar til
afgreiðslu í bæjarráði Ísafjarðarbæjar.*

3. Grænu skrefin í mínu sveitafélagið - 2017030061

Umhverfisfulltrúi kynnir uppfærð gögn um grænu skrefin.

*Umhverfis- og framkvæmdanefnd leggur til að Ísafjarðarbær taki upp kerfið Græn
skref í stofnunum sínum og vísar málinu til afgreiðslu í bæjarráði Ísafjarðarbæjar.*

4. Sorpmál 2018 - útboð - 2016090021

Kynnt ný útgáfa skýrslu frá EFLU verkfræðistofu dags 10.4.2017.

*Umhverfis- og framkvæmdanefnd felur tæknideild að draga fram áhersluatriði í
valmöguleikum úr skýrslunni og leggja fyrir næsta fund nefndarinnar.*

5. Viðhaldsstefna Göngustíga - 2017040017

Umhverfisfulltrúi leggur til að farið verði í vinnu við gerð viðhaldsáætlunar
göngustíga í sveitarfélaginu.

Umhverfis- og framkvæmdanefnd felur umhverfisfulltrúa að vinna viðhaldsáætlun fyrir göngustíga í Ísafjarðarbæ.

6. Ofanflóðavarnir neðan Gleiðarhjalla, framkvæmdaleyfi. - 2013030023

Umræða um framkvæmdir við snjóflóðagarð neðan Gleiðarhjalla.

Umhverfis- og framkvæmdanefnd felur tæknideild að sjá til þess að ofanflóðavarnir í Ísafjarðarbæ verði kláraðar í samræmi við gögn sem kynnt voru við upphaf framkvæmda.

7. Landsmót unglíngadeilda Landsbjargar - 2017040027

Lagður fram tölvupóstur, dags. 6. apríl 2017 frá Einari Birki Sveinbjörnssyni um umsókn um svæði á Suðurtanga undir tjaldsvæði, á meðan landsmót unglíngadeilda Landsbjargar fer fram.

Umhverfis- og framkvæmdanefnd tekur jákvætt í erindið og felur tæknideild að afmarka svæði fyrir Hafstjórnuna í samræmi við starfssemi sem fyrir er á svæðinu.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 08:00

Nanný Arna Guðmundsdóttir

Jóna Símónía Bjarnadóttir

Jónas Þór Birgisson

Gísli Elís Úlfarsson

Hildur Dagbjört Arnardóttir

Ralf Trylla

Brynjar Þór Jónasson